

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



NÁÐU ÞÉR Í NÝJA N1 APPIÐ



ÞETTA GERIR ÞÚ MEÐ N1 APPINU

- Kaupir eldsneyti á N1 stöðvum
- Finnur næstu N1 stöð á korti
- Skoðar færslur og punktastöðu
- Skoðar eldsneytisverðið
- Skoðar N1 kortatilboð
- Finnur rétt dekk eftir bílnúmeri

Fylgstu vel með, það eru fleiri nýjungar í N1 appinu handan við hornið!



DEKK



LÍFIÐ



TILBOÐ



MITT N1



ELDSNEYTI



STADIR

N1

Appaðu þig í gang

Bensinstöðvakeðjan N1 var áður þekkt sem Esso. Það var fyrir tíma appsins.

FINNDU TVO ADILA SEM HAFU LEIKIÐ Í AUGLÝSINGUM FYRIR OLÍUFÉLÖG



Fyndnir gaurar og Agent Esso

Nú snúa félagarnir í Mið-Íslandi úr sumarfrí og hyggjast skemmta landanum með góðu glens. **Bergur Ebbs Benediktsson** er talsmaður samtakanna.

„Á miðvikudaginn erum við að fara aftur í klúbbinn okkar í Þjóðleikhúskjallaranum eftir sumarfrí. Við erum búnir að segja skilið við hefðbundnið grín og ætlum ekki að gera grín að fólki og atburðum og núna tölum við bara um form, lögun og áferð,“ segir Bergur Ebbs í gríni en tekur fram að þetta verði með samskonar sniði og áður en helsta breytingin verði sú að nú fái þeir til liðs við sig þekkt erlenda gesti. „Við erum ekkert að tala um myndnasta mann Njarðvíkur eða eitthvað. Reyndar má það vel vera að myndnasti maður Njarðvíkur sé í toppklassa í myndni á Norðurlöndunum en við ætlum samt að fá til okkar atvinnuuppstándara.“ Í næstu viku verður Norðmaðurinn Dag Sörás gestur en í desember mun Andre Wickström frá Finnlandi líta við. „Við fáum tvo fyrir einn í Andre

því hann er sænskumælandi Finni. Hann hefur líka góða reynslu af Íslandi eftir að hafa troðið upp í Háskólabíó með Frímanni Gunnarssyni. Það er náttúrulega svo erfitt að mæla það hver er myndnasti og því erfitt að segja til dæmis að Dag sé myndnasti í Noregi. Ef maður væri að flytja inn plötusnúð myndi maður örugglega segja: „Þetta er heitasti plötusnúðurinn í Hollandi í dag,“ en það þýðir ekkert að segja það. En hann er mjög stór í geiranum og er eftirsóttur. Hann er svona eins og Pétur Jóhann hér.“

Stækkandi sena

Pétur Jóhann tróð einmitt upp með Mið-Íslandi síðasta vetur en hann heldur núna sína eigin sýningu með Þorsteini Guðmundssyni og gaur á trommu. Óttast Mið-Ísland drengirnir þessa sam-

keppni? „Þeir hafa báðir verið gestauppstándarar hjá okkur og hafa báðir verið mikið með okkur í liði. Þetta sýnir bara hvað uppstándssenar eru að stækka. Það eru allir að þæla í uppstándi. Maður sér til dæmis að Alvöru menn eru kynnt sem blanda af söng og uppstándi og það virðist kveikja í fólki. Núna vilja líka öll fyrirtæki vera með uppstánd þegar eitthvað er um að vera og það er skemmtileg þróun.“ Strákarnir eru um þessar mundir að klára tölur á þáttaröð sinni en Bergur segir það ekki hafa áhrif á uppstándið. „Við erum búnir að vera í fríi í allt sumar frá uppstándskvöldunum og því finnst okkur sjálfsagt að vera komnir með nýtt efni og sýna að það sé metnaður á bak við þetta. Svo verður Agent Esso á sínum stað sem kynnir með uppstándsívafi.“ jrr

Monitor mælir með

FYRIR SMEKKFÓLK

Heimasíðan Hugmyndir fyrir heimilið sló í gegn á Facebook enda er þar allt stúttullt af góðum lausnum og öðrum hugmyndum fyrir heimilishald. Síðan hefur nú verið endurbætt og er þá útgáfu af síðunni að finna á www.hugmyndirfyrirheimilid.com.



UM HELGINA



Þótt hrekkjavaka eða Halloween sé kannski ekki íslenska hátíðin sem um getur þá er alltaf gaman að klæða sig í grímubúning. Því er um að gera að blása til hrekkjuvökupartía úti um allan bæ um helgina með búningum, skreytingum og öllu tilheyrandi.

FORRÉTTA BARINN

Í GÖGGINN

Nýlega opnaði Forréttabarin við Nýlendugetu 14 í húsinu þar sem áður var að finna búðina Liborius. Á matseðlinum er fjöldinn allur af ferskum forréttum, stórum sem smáum og heitum sem köldum.

Vikan á...

facebook



Iris Hólm

heilapvær sig með Freddie Mercury röddum... en af öllum heilapvottum þá er þessi hvað skástur held ég bara!

24. október kl. 11:45



Agent Esso

Sá Steingrím Njálsson í Adidas-galla úti á götu.

26. október kl. 15:59



Rurik Gislason

Mig vantar að komast í samband við frabæran innan-hussarkitekt á Íslandi. Bendid mer a thann retta. Takk takk.

24. október kl. 15:34



Asdis Ran

“When a dream takes hold of you, what can you do? you can run with it, let it run your life, or let it go and think for the rest of our life about what might have been”

23. október kl. 18:44



Gunnleifur Gunnleifsson

er í City treyjunni:)

23. október kl. 18:58



Halldór Eldjárn

Hvað á maður að gefa ef voffi borðaði stóra plötu af Lindt súkkulaði? Segja henni að velja ódýrara merki næst?

22. október kl. 18:55

Feitast í blaðinu

Einar Mikael er ungur töframaður sem kann meðal annars að láta borð fljúga.



>>>4

Coldplay hitaði einu sinni upp fyrir íslensku hljómsveitina Bellatrix.

Katrin Þóra Bragadóttir gæti ekki verið án rauða varalitarins síns.



>>>8

Ingólfur Þórarinnson eða Ingó sendir frá sér sólóplötu á mánudag.

Ástarguðinn á það til að para saman íþróttafólk og þekktar stjörnur.



>>>18

Efst í huga Monitor

Verum á orðbergi

Síðasta fimmtudag, skömmu eftir að Monitor var dreift víðsvegar um landið, hringdi í mig eldri maður. Þessi maður kom vel fyrir, kynnti sig og sagðist vera íslenskufræðingur að mennt. Hann var á vingjarnlegan máta að benda mér á að talsmáti ungra Íslendinga stefnir í ranga átt. Þar sem Monitor er miðill fyrir ungt fólk er hlutverk okkar meðal annars að gæta þess að fara rétt með tungumálið okkar fagra og smita ekki ungvíðið af frósum og orðum sem ekkert eiga skylt við íslenska tungu. En það er samt sem áður vandasamt af því að unga kynslóðin í dag er nú þegar farin að tileinka sér orð, í flestum tilfellum úr enskri tungu, sem þau læra í tölvuleikjum, á netinu og í sjónvarpinu. Margir viðmælendur Monitor hafa tamið sér alls kyns slettur sem oftar en ekki eru einkennandi fyrir viðkomandi einstakling og því getur það stundum tekið of mikinn lit úr persónueinkennum þegar blaðamaður snarar öllum enskum orðum yfir á íslensku.

Maðurinn taldi upp margar staðreyndir þar sem íslensk fyrirbæri bera enska titla og er Monitor að sjálfsögðu eitt þeirra. Við erum meira að segja með lið í blaðinu okkar sem heitir „LOL-mail“ en sá liður hefði

hæglega getað borið titilinn „grín-pósturinn“. En það er samt eitthvað skemmtilegt og spennandi við það að nota orðið „LOL“ sem öll ungmenni kannast við eftir að hafa notað spjallrásir í áranna raðir, allt frá ircinu til MSN og svo auðvitað á Fésbókinni undanfarin misseri. Eins gæti þetta ágæta blað borið nafnið Vaktari eða Mænis, nú eða Skjár, en Monitor er þjált í munni og er orðið þekkt vörumerki og því er hægara sagt en gert að fara að breyta því.

En hvað er þá til ráða? Ég kann ekki bestu svörin við því en mér finnst upplagt að deila þessu með ykkur og vekja ykkur til umhugsunar. Íslenskan er fallett tungumál með langa sögu og því verðum við að standa saman vörð um hana. Þó það sé flott að geta slegið um sig á enskri tungu þá getur það verið jafnvel enn svalara að kunna fallega íslensku. Það eina sem ég get því gert í stöðunni er að halda áfram að reyna að hafa fallett málfar í blaðinu en þó líflegt með einstaka slettum. Eins bið ég ykkur um að vera meðvituð um hvaðan orðin sem þið notið dagsdaglega eru upprunnin og hjálpast að við að tala rétt.

Bestu kveðjur, ritstjóri Mænis.

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is)

Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Sigurgeir Sigurðsson (sigurgeir@mbl.is)

Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136



EINAR MIKAEL

Fyrstu sex: 200889.
 Uppáhaldsmatur: Hamborgarhryggur.
 Uppáhaldstöfrabragð: Fjúgandi borð með dúfu á.
 Uppáhaldsborg: Edinborg.
 Uppáhaldstöframaður: Lance Burton.
 Uppáhaldsfuglategund: Dúfur.
 Heimasíða: www.tofrabrogd.is/syning.

BRÖGÐIN BRJÓTA MÚRA

Einar Mikael Sverrisson kom út úr töfraskápnunum fyrir þremur árum síðan og hefur nú atvinnu af því að skemmta fólki með dúfum, spilum og öðrum töfrabrogðum.

Hvenær uppgötvaðir þú áhuga þinn á töfrabrogðum?

Ég var 13 ára gamall þegar ég bjó í Flórída og þar kynntist ég þessu þegar ég sá töframann í Universal-skemmtigarðinum rétt hjá Terminator-tækinu. Ég var samt skápatöframaður þangað til fyrir þremur árum. Þá fór ég á fullt í þetta, fór að brjóta niður feimnina og byggja upp sjálfstraust til að geta gert þetta fyrir framan fólk. Það fannst mér mjög erfitt en það er nauðsynlegt svo að mér líði vel og öðrum líka.

Hvar hefur þú lært listir þínar?

Mikið til er þetta sjálfært. Maður lærir grunninn og ákveðnar hreyfingar sem hægt er að útfæra yfir í flest allt sem maður gerir. En númer eitt er að geta æft sig á alvöru fólki. Ég fór á Kaffi París meira og minna hvert einasta kvöld í heilt ár og sýndi fólki frá öllum heimshornum brögðin og þannig varð ég góður töframaður. Svo er hægt að fara á töfraráðstefnur og ég læri þetta líka í bókum en allt sem ég er með er eitthvað sem ég get rétt þér og leyft þér að skoða.

Kostar útbúnaðurinn ekki heilan helling?

Sumt að því gerir það. Ég á nokkur stór atriði sem myndu kosta margar milljónir ef ég myndi

flytja það inn en ég smíðaði þau sjálfur. Ég er menntaður húsasmiður og það hjálpar. En svo er ég líka með atriði með minni og ódýrari hlutum sem ég er bara með á mér.

Er ekki nauðsynlegt að vera fyndinn líka?

Jú. Fólk byggir upp svo mikla spennu og þess vegna er maður með brandara til að losa um spennuna. Annars myndi fólk bara springa úr spennu. Fólk hefur bara ákveðið þol í að horfa á það sem maður er að gera og því verður maður að vita hvenær á að stoppa og brjóta þetta upp.

Er einhver sýning eftirminnilegust?

Ég fór á Íslenska barinn og sýndi stelpunni á barnum einhverja spilagaldra og hún gaf mér vöfflu. Síðan á horninu sat maður frá Noregi sem spurði mig út í kreppuna. Ég nenni ekki að hlusta á það svo ég fór og sýndi honum spila-galdra í þrjár mínútur og þremur tímum seinna var ég kominn með hótélgistingu, flugmiða og peninga í vasann til að geta farið og sýnt í Óperuhúsinu í Osló þremur dögum seinna. Það var magnað og ég mun aldrei gleyma því. Þarna sýndi ég fyrir framan 500 stærstu atvinnurek-endurnu í Osló í stóru húsi. Þetta skipti mig miklu svona snemma á ferlinum og eftir þessa ferð tvöfaldaðist ég í öllu sem ég geri.

Þú hefur farið með sýningar þínar út fyrir landsteinana og hafa Amerikanar, Norðmenn, Svíar og Færeyingar orðið vitni að töfrunum þínum. Hvernig er upplifunin að sýna erlend-is?

Lönd eru mismættakileg fyrir þessu. Fólk er mjög lokað í Noregi og Færeyjum en brögð brjóta alla múra. Um leið og ég er búinn að gera fyrsta bragðið þá eru mér allir vegir færir. Töfrabrogð er tungumál sem er talað alls staðar.

Gefur þú einhvern tímann upp brellumar þínar?

Kannski að ég geri það í framtíðinni en núna er ég ekkert að upplýsa meira en ég þarf. Þá myndi fólk bara fá leið á mér af því að allir myndu hugsa: „hey, ég veit hvernig þetta er gert.“

Hvað er framundan?

Nú er ég að fara í heimsreiðu í kringum Ísland og ég ætla að heimsækja tíu til fimmtán bæjarfélög. Ég mun sýna það besta af öllu því sem ég hef gert síðastliðin þrjú ár og þetta verður magnaðasta og besta töfrasýning sem hefur farið um Ísland. Ég er búinn að fá Galdrakarlinn í OZ til að vera kynnrir og svo verða dúfur og allur pakkinn. Ég get ekki lýst þessu í orðum því sjón er sögu ríkari.

jrj



🔥🔥🔥 ORIGINAL



TOO HOT TO HANDLE?

THE ORIGINAL
**TURKISK
PEBER**

Kenndi Chris Martin að drekka viskí

Tónlistarkonan Elíza Geirsdóttir Newman getur státað sig af því ásamt fyrrum hljómsveit sinni, Bellatrix, að Coldplay hafi hitað upp fyrir hana.

„Á þessum tíma vorum við í Bellatrix að fara í túr um Bretland og Simon Williams, sem átti Fierce Panda, stakk upp á því að önnur hljómsveit sem hann var líka með á sínum snærum færi með okkur. Við hlustuðum á efni með hljómsveitinni og okkur fannst þetta hljóma eins og einhverjir gamlir karlar. Þetta var mjög öðruvísi á sínum tíma að vera með píanó og eitthvað þegar allir voru bara með gítara. Þá var þetta sem sagt Coldplay. Við samþykktum þá og þeir voru sem sagt „co-headline“ með okkur, við skiptumst á að vera aðal-númer og upphitunarnúmer eftir kvöldum,“ segir Elíza Geirsdóttir Newman, tónlistarkona og fyrrum söngkona hljómsveitarinnar Bellatrix. „Þetta var mjög gaman og við urðum mjög góðir vinir á þessum túr. Þetta eru rosalega finir og góðir strákar, við vorum algjörar grýlur við hliðina á þeim. Við kenndum Chris Martin að drekka viskí, hann var svona voða rólegur gaur sem gerði ekki neitt af sér. Á túrnunum voru hljómsveitirnar tvær með svona keppni sín á milli, hvor ynni hvert tónleikakvöld fyrir sig. Maður vann sem sagt með því að fá fleiri aðdáendur og viðbrögð frá þeim, með því að selja fleiri boli og svoleiðis. Við unnum heildarkeppnina á endanum, sem er frekar fyndið miðað við hvernig staðan er núna,“ bætir hún við og hlær. „Þeir voru frekar óreyndir á þessum tíma. Þó svo að við höfum verið á svipuðum aldri og þeir þá höfðum við náttúrulega gefið út þrjár plötur á þessum tíma þannig að þeir voru dálítið að fá ráðleggingar frá okkur í hinu og þessu.“ En hvernig er að líta til baka og hugsa til þess að ein stærsta hljómsveit samtímans hafi verið að hita upp fyrir sig fyrir rúmum áratug? „Mér finnst það æðislegt, einmitt af því að ég veit hvernig gæjar þetta eru. Þeir eiga þetta alveg skilið, hafa unnið eins og vitleysingar og eru mjög metnaðargarnir. Í mínum huga er þetta góð lífsreynsla.“



Yellow samið um Elízu?

Eflaust myndu ýmsir aðdáendur um heim allan gefa ansi margt fyrir að fá að umgangast þá Chris Martin og félagi í Coldplay, en hvernær hittu Elíza þá síðast? „Ég hitti þá síðast á einhverjum tónleikum í Leeds fyrir nokkrum árum en annars heyrir maður ekkert í þeim. Við höldum aðeins sambandi eftir túrinn en upp á síðkastið hefur þetta orðið algjört súperstjörnuót svo maður er ekki beint að hanga í pilsinu þar. Ég fylgist bara með þeim úr fjarlægð.“ Allir áhugamenn um hljómsveitina Coldplay kannast við lagið Yellow, en það er jafnan talið lagið sem þeir slógu endanlega í gegn með. Höfundur lagsins, Chris Martin, segist sjálfur ekki vita um hvað lagið sé í raun og veru. Erlendis segja menn að textinn sé innblásinn af gulu síðunum í símaskránni en hérlendis hefur sú saga gengið tónlistaráhugamanna á milli að lagið sé hvorki minna né meira en samið um Elízu. „Ég hef heyrt þessa sögu líka en get ekki staðfest hana. Það væri voða gaman ef þetta væri satt en ég segi ekki meira en það,“ segir hún í léttum tón.

Hafnaði Coldplay

Haraldi Frey Gíslasyni, Pollapönkara með meiru, bauðst að gerast trommuleikari Coldplay skömmu áður en sveitin skaust upp á stjörnuhimininn. Hann afþakkaði pent og þykir honum reyndar ekki mikið til tónlistar þeirra koma.

„Þegar Coldplay voru ekki ennþá búnir að gefa út Parachutes, þá fékk ég sem sagt bréf frá þeim í pósti, eða umboðsmanni þeirra. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, sem núna er hjá ÚTÓN, hafði verið eitthvað í tengslum við Coldplay og bent þeim á mig. Þeir höfðu nefnilega rekið trommarann sinn á þessu tímabili, sem varð reyndar aftur trommari bandsins síðar, svo þá vantaði trommara til að túra með þeim um Bretland þarna áður en Parachutes kom út, þetta var árið 1999 að mig minnir. Þeir sendu mér eitthvað demó og spurðu hvort ég væri til í að taka þennan túr,“ segir Haraldur Frey Gíslason, oft kenndur við Botnleðju og Pollapönk. Hann segir að líklega hafi þeir fengið að heyra eitthvað efni sem hann hafði spilað með Botnleðju en þetta var skömmu eftir að sú hljómsveit hafði túrað um Bretland. Hann segist ekki eiga þetta sögulega bréf varðveitt neins staðar. „Þeir sendu mér demó af lögum sem fóru síðan á Parachutes. Ég sagði bara nei, mér fannst þetta ógeðslega leiðinlegt efni. Þessi demó fannst mér ekki góð en þessi lög heppnuðust reyndar töluvert betur í endanlegri útgáfu á plötunni. Mér fannst reyndar Parachutes ágætisplata en mér finnst restin með þeim bara drasl og finnst Coldplay mjög leiðinleg hljómsveit.“ Er það að hafa verið boðið að tromma með sveit sem er eitt stærsta nafnið í poppbransanum í dag sem sagt ekki eitthvað sem maður montar sig af? „Ég hvorki monta mig af þessu né neita þessu, þetta er bara eitthvað sem kom upp. Ég væri ekki til í að vera trommuleikari Coldplay í dag og hefði ekki viljað taka þátt í þessu. Þetta er ekki tónlist sem höfðar til mín en samt sem áður fannst mér Parachutes fín plata, eins og ég segi.“



Veit einhver um hvað Yellow er?

Hljómsveitin **Coldplay** gaf út sína fimmtu breiðskífu í vikunni sem ber nafnið **Mylo Xyloto**. Monitor tók saman fánýtan fróðleik um líf og starf hljómsveitarinnar.

Meðlimir hljómsveitarinnar kynntust allir í University College London. Þar var Chris Martin í fornaldarsögu, gítarleikarinn Johnny Buckland var í stærð- og stjörnufræði, trommarinn Willy Champion lærði mannfræði og Guy Berryman var í verkfræðinámi.

Bassaleikari Coldplay, Guy Berryman, er örvhentur en spilar á bassann sem réttentur.

Chris Martin hefur aldrei gefið út um hvað lagið Yellow er. Í viðtölum hefur hann alltaf sagt ekki hafa hugmynd en sumir hérlendis hafa sagt lagið samið um Elízu í Bellatrix (sjá viðtal við Elízu).

Hljómsveitin hefur skrásett sérstakar hljómsveitarreglur sem hún verður að fara eftir. Þar stendur meðal annars að plötur megi ekki vera lengri en 42 mínútur og innihalda í mesta lagi níu lög. Þar stendur líka að tölvur séu hljóðfæri, ekki upptökutæki, að þeir skulu alltaf halda ákveðinni dulúð og fara því ekki í of mörg viðtöl og að bannað sé að neyta fíkniefna. Neyti einhver fíkniefna verður hann að hætta í hljómsveitinni, samkvæmt reglunum.

Þegar hljómsveitin vinnur að plötu krotta þeir hugmyndir sínar að textum á hvítan flygil í húsnæði þeirra. Þegar platan hefur verið kláruð mála þeir flygilinn upp á nýtt svo þeir geti byrjað aftur frá gunni fyrir næstu plötu.

Trommari Coldplay, Will Champion, hafði aldrei spilað á trommur áður en hann gekk til liðs við hljómsveitina á nítján ára afmælisdaginn sinn. Hann var rekinn úr hljómsveitinni árið 1999 (sjá viðtal við Harald Frey hér til hliðar) en var síðan beðinn um að snúa aftur eftir skamma stund.

Chris Martin er sagður hafa samið lagið Fix You handa Gwyneth Paltrow þegar faðir hennar féll frá.

Hljómsveitin átti upphaflega að heita Starfish þar til þeir fengu hugmyndina að nafninu Coldplay frá vini þeirra.

Ímyndbandinu við lagið The Scientist í sést Chris Martin ferðast aftur á bak í gegnum dramatíska atburðarás. Fyrir myndbandið þurfti hann að læra að fara með texta lagsins aftur á bak, sem er sagt hafa tekið hann mánuð. Myndbandið sópaði til sín verðlaun á MTV-verðlaunum árið 2003, meðal annars sem myndband ársins.

Gítarleikarinn Joe Satriani höfðaði frægt mál gegn Coldplay á þeim forsendum að þeir hefðu stolið melódíu hans úr laginu If I Could Fly og notað í laginu Viva la Vida. Coldplay höfnuðu því með öllu og var málið fellt niður eftir að málsaðilar komust að samkomulagi utan dómsalár.

Hljómsveitin neitar að leyfa notkun á tónlist sinni til að auglýsa söluvarning heldur einungis fyrir kvikmyndir, sjónvarpsþætti eða annað slíkt efni.



Parachutes

Útgáfudagur: 10. júlí 2000

Seld eintök: 7,5 milljónir.

Smáskífur af plötunni:

Shiver, Yellow, Trouble og

Don't Panic.

- Útnefnd plata ársins á Brit-verðlaunum árið 2001.

- Útnefnd plata ársins í flokki „alternative albums“ á Grammy-verðlaunum árið 2003.



A Rush of Blood to the Head

Útgáfudagur: 26. ágúst 2002

Seld eintök: Rúmlega 12 milljónir.

Smáskífur af plötunni: In My Place, The Scientist, Clocks, God Put a Smile upon Your Face.

- Útnefnd plata ársins í flokki „alternative albums“ á Grammy-verðlaunum árið 2003.

- Inniheldur lagið Clocks sem var útnefnd lag ársins á Grammy-verðlaunum 2004.



(Sölutölur eru fengnar af Wikipedia.)

MONITOR **sena**

VILTU VINNA EINTAK?

Farðu inn á Facebook-síðu Monitor og þú gætir unnið eintak af Mylo Xyloto.



MARTIN HEFUR SAGT Í VIÐTALI AÐ EINI MYNDARLEGI MEÐLIMUR COLDPLAY SÉ GUY BERRYMAN, ANNAR FRÁ VINSTRI

X&Y

Útgáfudagur: 6. júní 2005

Seld eintök: Rúmlega 11 milljónir.

Smáskífur af plötunni: Speed of Sound, Fix You, Talk, The Hardest Part, What If og White Shadows.

- Útnefnd plata ársins á Brit-verðlaununum 2006.
- Inniheldur „leynilagið“ “Til Kingdom Come sem var skráð á bakhlið plötunnar undir nafninu „+“. Sagan segir að upphaflega hafi Johnny Cash átt að syngja lagið inn á plötuna en hann féll frá áður en það var framkvæmt.



Viva la Vida

or *Death and All His Friends*

Útgáfudagur: 12. júní 2008

Seld eintök: Rúmlega 10 milljónir.

Smáskífur af plötunni: Violet Hill, Viva la Vida, Lovers in Japan, Lost! og Strawberry Swing.

- Útnefnd plata ársins í flokknum „rock albums“ á Grammy-verðlaununum árið 2009.



Mylo Xyloto

Útgáfudagur: 24. október 2011

Smáskífur af plötunni til þessa:

Every Teardrop Is a Waterfall, Paradise, Princess of China.

- Tónlistarmyndbandið við lagið Paradise var sett inn þann 18. október síðastliðinn. Þegar þetta er skrifað hafa rúmar fimm milljónir manna nú þegar horft á myndbandið.

- Engin önnur en Rihanna syngur með Chris Martin í lagiðu Princess of China.





BESTA OG ÞÆGILEGASTA

Kjöllinn minn frá Munda og peysa sem ég fékk í Rokki & Rósum. Get ekki valið á milli. Flíkurnar eiga það báðar sameiginlegt að vera rosa þægilegar og með æðislegt munstur.



SKRÍTNASTA

Korselett sem ég fékk í Nostalgiu fyrir svona tveimur árum. Hún er úr svörtu flaueli, alsett gullperlum og lýtur svolítið út eins og brynja. Þessi flík heillaði mig svo mikið að ég varð að kaupa hana.



DÝRASTA

Flauelsjakkur sem ég fékk í Nostalgiu. Honum fylgir mikið tilfinningalegt gildi og er ein fallegasta flík sem ég á.



Gæti ekki verið án rauða varalitarins

Katrín Þóra Bragadóttir er á sínu síðasta ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Katrín hefur mikinn áhuga á tísku og vinnur hún í vintage-búðinni Rokki og Rósum með skólanum. Einnig hefur Katrín mikinn áhuga á ljósmyndun og er hún dugleg að sinna því áhugamáli. Það var margt spennandi að sjá þegar **Stíllinn** kíkti í fataskápin hennar Katrínar.

fataskápurinn

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum?

Klassík, 20's, glys, rómantísk og stundum svolítið drungaleg.

Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?

Karl Lagerfeld, án efa. Þessi maður er ekki aðeins frábær fatahönnuður, heldur er hann líka æðislegur ljósmyndari og er alltaf flottur á því.

Hversu mörg skópör átt þú?

Á alls ekki mörg skópör miðað við fólk sem ég þekki. Á held ég um 10-12 skópör og á það til að eyðileggja þau jafnóðum.

Hvaða snyrtivöru gætir þú ekki verið án?

Fyrir þá sem þekkjá mig þá er það frekar augljóst. Rauður varalitur.

Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?

Í fyrsta lagi myndi ég fá mér kaffibolla á ökkklann í tilefni þess að eitthvað kanadískt kaffihús ætti afmæli. Svo myndi ég fá mér tölustafinn 13 á lærið.

ELSTA

Tásiður hvítur náttkjöll sem ég fékk í Kolaportinu fyrir óralöngu. Það er enginn miði á honum og hef ég grun um að hann hafi verið sérsaumaður. Þessi kjöll er algjört gull.



NÝJASTA

Gervifeldur sem ég fékk í Rauða krossinum. Finnst hann svo æðislegur og fullkominn fyrir veturinn sem er óðum að nálgast.



FLOTTASTA

Hvitt vesti sem ég fékk í einhverri búð á Laugaveginum sem ég hafði aldrei farið inn í áður, og samfestingur sem ég fékk í Rokk og Rósum. Ég dýrka þessar flíkur.



Emma Watson

*Trésoir
Midnight
Rose*

Nýr dömuilmur



LANCÔME
PARIS



ENEMMY / SIA / NM47193



Leikkonan **Alyssa Milano** var í fallegum hvítum englabúningi á hrekkjavökunni í fyrra. Það er hægt að gera örflítið meira úr englabúningnum með því að bæta við skemmtilegri málinu og sniðugum fylgihlutum. Klassískt og einfalt.



Ofurfyrirsætan **Heidi Klum** heldur árlega risastórt hrekkjavökupartí og eru öllum helstu stjörnunum boðið. Hún veður sjaldan vonbrigðum þegar kemur að búningavali og í þetta skiptið var hún kisa, glæsileg kisa.



Glamúrgellunni **Kim Kardashian** finnst ekki leiðinlegt í hrekkjavökupartíum og á hún met í að klæðast þróngum og efnislitlum búningum. Í þetta skiptið bregður hún sér í gervi Wonder Woman og gerir það með stakri þrýði.

Hrekkjavöku hugmyndir

Stíllinn hjálpar þér að finna rétta hrekkjavökubúninginn.



Sápuóperustjarnan **Lauren Woodland** klæddist þessum krúttlega dúkkubúningi þegar hún mætti í hrekkjavökupartí Heidi Klum. Hugmyndin er skemmtileg og hneháú sokkarnir gera dúllulúkkjó örflítið glyðrúlegra. Fullkomin blanda.



Söngkonan **Pink** mætti í þessum kvenlega trúðabúningi í hrekkjavökupartí á síðasta ári. Þetta er skemmtileg hugmynd sem er hægt að flippa svoltið með.



Leik- og söngkonan **Katerina Graham** var drungaleg þegar hún mætti í þessum vampírubúningi í hrekkjavökupartí Heidi Klum. Drungalegir búningar eru alltaf góður kostur, enda er hrekkjavaka einn drungalegasti viðburður ársins.

Heilbrigð húð í vetur

Nú má með sanni segja að veturinn sé skollinn á og eitt af því sem þarf þá að hafa í huga er umhirða húðarinnar. Þurrkublettir og útbrot eru algeng vandamál á veturna og mikilvægt að fjárfesta í góðum húðvörum til að koma í veg fyrir slíkt. Stíllinn fékk sérfræðinga frá Aveda snyrtivörubúðinni til að sýna okkur það helsta sem þau bjóða upp á af húðvörum og hvaða vörur eru góðar til að verja húðina fyrir kuldanum í vetur.



Fjarlægir dauðar húðfrumur
Fyrir allar húðtýpur: Tourmaline charged radiant skin refiner
Djúphreinsandi meðferð til að fjarlægja dauðar húðfrumur, sem afeittrar svitaholur

og fjarlægir dauðar yfirborðshúðfrumur til að afhjúpa geislandi húð.

Hreinsar húðina
Fyrir normal/þurra húð: Purifying crème cleanser
Fyrir normal/feita húð: Purifying gel cleanser
Þetta er andlitshreinsir fyrir daglega notkun sem fjarlægir andlitshreinsar og óhreinindi.

Gefur raka

Fyrir normal/þurra og normal/feita húð: Botanical Kinetics hydrating lotion
Andlitskrem til að næra húð. Þetta krem er einstaklega gott fyrir veturinn, gefur raka og viðheldur líflægri húð.

Einnig er gott fyrir húð sem þarfnast enn meiri raka að nota Tourmaline charged hydrating crème til að verja húðina fyrir kuldanum. Þetta er virkilega góður rakagjafi sem nærir og bætir ljóma við venjulega og þurra húð.



Maski

Fyrir allar húðtýpur: Intensive hydrating, Masque Olíulaus andlitsmaski sem nærir og sefar þurra húð sem er undir álagi. Þennan maska er gott að nota á veturna, einu sinni í viku í 5-10 mínútur í senn. Þá viðhelst rakinn í húðinni og hún verður ekki of þurr í kuldanum.



HÁALOFTIÐ OG

GAMLA BÍO
LEIKHÚS

KYNNA:

SÖNGLEIKINN

HREKKJU- SVÍN

MOGGAKLÚBBSTILBOÐ

FRÁBÆRT TILBOÐ Á HREKKJUSVÍNIN.
SÝNING SEM ENGINN MÁ MISSA AF!

Glænýr íslenskur gamansöngleikur lítur nú dagsins ljós en hann er byggður á hinni sívinsælu hljómplötu „Lög unga fólksins“ með hljómsveitinni Hrekkjusvín. Söngleikurinn er ætlaður aðdáendum Hrekkjusvína á öllum aldri, og þá sérstaklega fullorðnum þó að þeir yngri munu vafalítið skemmta sér vel líka.

Almennt miðaverð: 3.990 kr.

MOGGAKLÚBBSVERÐ 2.490 kr.

ATH! Takmarkaðar sýningar í boði. Einungis hægt að kaupa á www.midi.is

Sýningar í boði:

22. október


ATH! verð 2.990 kr.

28. október

5. nóvember

6. nóvember

Hvernig nota ég afsláttinn? Farðu inn á midi.is, veldu þér miða til kaups og í auða reitinn í skrefi #3 sláðu þá inn eftirfarandi: „HREKKJUSVIN“. Smelltu á „Senda“ og þá sérðu að afslátturinn kemur inn um leið. ATH: Staðfestið EKKI greiðslu fyrr en afsláttur er sýnilega orðinn virkur.



HÁALOFTIÐ

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á MBL.IS/ASKRIFT
EÐA Í SÍMA 569 1122

MOGGAKLÚBBURINN

– MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

MA

KORTIÐ GILDIR TIL
31.01.2012

Allir fastir áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa félagar í Moggaklúbbnum og njóta ýmissa fríðinda og tilboða. Hægt er að fylgjast með hvað er í boði hverju sinni á mbl.is/moggaklubburinn. Hafðu samband í síma 569 1122 hafi Moggaklúbbskortíð ekki borist þér.



Viofata

Helsta kúnstinn að forðast freistingar

Það eru fáar poppstjörnur hérlendis jafnduglegar að koma fram og **Ingó**, sem gefur senn út sína fyrstu sólóplötu. Hann langar þó ekki einungis að starfa við tónlist á komandi árum því hann langar líka að láta til sín taka í leiklist, fótboltaþjálfun og jafnvel stjórnárum.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson
Myndir: Sigurgeir Sigurðarson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, er metnaðarfullur og hreinskilinn náungi sem hefur troðið upp á hér um bil hverjum krók og kima landsins frá sautján ára aldri. Hann hefur nú sagt skilið við Veðurguðina og gefur út sína fyrstu sólóplötu í næstu viku sem ber einfaldlega nafnið Ingó. Hann segir plötuna, sem er persónulegri en platan Góðar stundir með Veðurguðunum, ekki marka endalok hljómsveitarinnar í ljósi þess hve þéttan hóp meðlimir hennar mynda. Með plötunni vonast hann meðal annars til að hrísta af sér Bahama-gæjann eða Gestalista-gæjann. Ingó er líka knattspyrnu-kappi mikill og hefur nú snúið aftur til heimaliðs síns, Selfoss, og hyggst taka fótboltann fastari tökum næsta sumar heldur en undanfarið enda var æskudraumurinn að verða atvinnumaður á því sviði.

Hver er þín fyrsta minning tengd því að koma fram sem tónlistarmaður?

Ég byrjaði að spila á gítar í sjöunda eða áttunda bekk og stofnaði strax hljómsveit sem hét Malbik. Við spiluðum á öllum bekkjarkvöldum, ég man sérstaklega eftir því fyrsta. Við spiluðum Farin með Skítamóral, When I Come Around með Greenday og Rape Me með Nirvana, kennurinum fannst það ekki skemmtilegt lag. Dagskrá kvöldsins var Malbik í 45 mínútur og síðan vídjóspóla og ég held að við höfum spilað Rape Me sex sinnum og Farin fjórum sinnum enda kunnum við bara þessi þrjú lög.

Þú ert unglingsstrákur á Selfossi þegar Skítamóral, frá sama bæjarfélagi, trylla landann með smelli eftir smelli. Vora þeir þér vissar fyrirmyndir á þessum tíma?

Já, þeir voru það. Það var samt kannski eins gott að maður sá þá ekki á sveitaböllunum sjálfum, ég held að þeir hafi ekki verið eins góðar fyrirmyndir þar (hlær). Þetta eru allt voða finir strákur, og fyrirmyndirnar voru Skítamóral, Á móti sól og Land og synir, þessar sveitaballhljómsveitir voru svona að toppa þegar ég var að byrja að læra á gítar. Ef maður hefði verið þrettán ára í dag þá væri maður kannski að spila eitthvað allt annað, maður væri kannski meira retró og artí. Þetta var bara það sem var í gangi þá og ég er voða ánægður að hafa alist upp við þetta. Þetta gefur mér ákveðna sérstöðu í dag, það eru voða fáir á mínum aldri í dag sem eru í þessari popptónlist. Mér finnst ég oft vera hálfgerður pönkari, svona eini ungi maðurinn sem tekur sveitaböllin alla leið og gefur út þannig popptónlist. Að sama skapi líður mér samt stundum eins og ég sé að selja vídjóspólur á meðan allir eru að dánílóða. Það er náttúrulega allt morandi í plötusnúðum, hip-hop, R'n'B og rappi á meðan ég er ballfílingnum. Maður mætir kannski á ball með hljómsveit og ætla eitthvað að fara að rokka á meðan aðallagið í dag er eitthvað teknó/R'n'B/hip-hop-lag.

Sagan segir að þú hafir lengi vel stefnt að því að verða atvinnumaður í knattspyrnu. Hvenær hætti það að vera draumurinn?

Ég fór til Svíþjóðar þegar ég var sautján, þá var ég að taka fótoltann alla leið og hafði alltaf gert, og fékk tækifæri til að fara í unglingsakademíu hjá Örgryte. Síðan komst ég í U-lið, sem er svona næsta lið á eftir meistaraflakki, og þá var mér boðinn samningur en þetta var frekar einmanalegt líf, að vera ungur í stórborg og vera bara búinn með eitt ár í framhaldsskóla. Ég kom heim um jólin og þá var ég beðinn um að spila á giggi með gömlu hljómsveitinni, það var voða gaman að koma til Íslands og maður var búinn að sakna þess. Eina sem maður gerði úti var að æfa tvisvar á dag og svo ekkert meir, svo mér fannst það bara ekki nógu gaman. Þá má segja að ég hafi snúið frá því að taka boltann alla leið og snúið út í músíkina.

Hefur hvarflað að þér að segja skilið við fótoltann til að sinna tónlistinni hundrad prósent?

Já, það hefur komið upp í huga mér en svo hef ég nú svolítið mikla trú á mér í fótbolta svo mig langar dálítið að sýna hvað ég get í nokkur sumur á meðan ég get það

ennþá. Það er freistandi, í staðinn fyrir að vakna kannski einn daginn, orðinn 37 ára og geta það ekki lengur.

Þú fékkst smjörþefinn af þessu popparlífi með þátttöku í Idol-Stjörnuleit á sínum tíma. Hvernig horfir þessi þátttaka við þér í dag?

Þegar ég horfi á Idol í dag þá horfir þetta ömurlega við mér, ég verð að segja það eins og er. Mér finnst þetta of leikstýrt og of lítið verið að gefa fólki frelsi til að sýna í hverju það er gott. Stundum er fólki settur mjög þröngur rammí utan um hvaða lög það má velja og svo eru dómarmar að gagnrýna keppendur og aðferðir dómarmanna skýrtar. Það er kannski hægt að syngja betur og koma fram betur en ég held að það að einhverjir dómarmar séu alltaf að segja tónlistarmanni hvernig hann á að gera eitthvað sé það versta sem hægt er að gera við hann, jafnvel þótt hann sé skemmtikraftur. Þessir dómarmar áttu að vera að gefa álit til að hjálpa manni, en ég upplífi þetta fyrst og fremst sem niðurbrot. Það hefði til dæmis hentað mér miklu betur að fá að velja úr fleiri lögum, ráða hvernig þau væru spiluð í staðinn fyrir þennan kárióki-stíl. Ef ég lít til baka þá var maður alltof ungur og meðvirkur á þessum tíma, sagði bara „já og amen“ við öllu sem var sagt við mann í staðinn fyrir að vera svolítið harður eins og maður hefði kannski verið í dag. Maður hefði sagt að allt þetta að maður ætti að brosa meira, horfa í myndavélina og vera svona og syngja hinsegin væri bara vitleysa. Það sem ég hef helst lært á mínum ferli eftir þetta var að flest sem mér var sagt á þessum tíma var bull, að undanskildum nokkrum skemmtilegum augnablikum.

En hvað græddir þú helst á Idolinu?

Það var kannski það að þeir sem höfðu virkilegt vit á poppransanum sáu eitthvað í mér, sem þeir hefðu kannski annars ekki gert. Einar Bárðar hafði strax samband við mig eftir keppnina og fékk mig á umboðs-samning hjá Concert. Það gaf mér allavega það klapp á bakið sem ég þurfti og eftir það tók ég þetta bara alla leið. Annars er ég þannig að ef ég er gagnrýndur þá finnst mér þeim mun skemmtilegra að sýna að það sem verið er að gagnrýna sé kjafæði. Eftir að dómarmarnir höfðu skotið á mig viku eftir viku, þá fannst mér gaman að koma, gera þetta bara sjálfur og segja í raun: „Hringið í mig eftir tíu ár.“

■ ■ *Mér finnst ég oft vera hálfgerður pönkari, svona eini ungi maðurinn sem tekur sveitaböllin alla leið og gefur út þannig popptónlist.*

Þú fórst með aðalhlutverk í söngleiknum um Buddy Holly og hefur gefið út að þig langi að leika meira. Má búast við að sjá þig á leiksviði eða jafnvel kvikmyndum á næstunni?

Jú, ég hef trú á að ég gæti leikið meira. Ég held að það sé þar sem margir stranda, þeir hafa ekki trú á því að þeir geti gert hlutina, en ég hef fullt sjálfstraust sem leikari og þess vegna langar mig dálítið að prófa án þess að þurfa að vera að harka sem leikari í mörg ár. Ég er dálítið að bíða eftir því að eitthvað tækifæri komi upp í hendurnar á mér, að einhver vilji kannski prófa að nota mig sem leikara, svipað eins og það sem gerðist með Buddy Holly og gekk mjög vel. Hjá leikurum finnst mér það vera þannig að annaðhvort eru þeir með þetta eða ekki og ég hef sem sagt trú á því að sem leikari hafi ég þetta.

Nú hefur þú verið ófgaduglegur að troða upp úti um allt. Fyrir hvernig hópa af fólki finnst þér skemmtilegast að spila?

Í dag finnst mér langskemmtilegast að spila fyrir krakka, kannski frá þriggja ára upp í þrettán ára og jafnvel aðeins eldri. Þeir eru móttækilegastir, eru náttúrulega

HRADASPURNINGAR


Fyrstu sex: 310586.

Uppáhaldsmatur: Slátur með jafningi og kartöflum.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Tenerife eða Kúba, mér finnst gott að vera þar sem er gott veður.

Uppáhaldstónlistarmaður: John Lennon.

Uppáhaldslag úr eigin smíðu: Hún á mann, á nýju plötunni.



sem betur fer alltaf bláedrú, og þeir eru alltaf einlægir. Þeir sitja og hlusta og það er auðvelt að gleðja þau, það þarf oft svo lítið til. Annars finnst mér eiginlega alltaf gaman að koma fram en sérstaklega gaman fyrir krakkahópa.

Hyggst þú þá gefa út eitthvað sérstakt barnaefni í náinni framtíð?

Nei, ég myndi örugglega aldrei gefa út plötu sem væri bara með barnaefni. Mér finnst fólk oft vanmeta krakka dálítið, þeir eru nefnilega dálítið klárir. Þeir vilja ekkert endilega eitthvað átrúnaðargoð sem er einhver álfur eða trúður, kannski finnst þeim bara kúl að fíla Ingó þótt hann sé bara venjulegur strákur, eða 25 ára, sem gerir sín eigin lög. Krakkar vilja ekkert endilega bara hlusta á eitthvað sem er sérstaklega stílað inn á þau.

Hvert er vandræðalegasta giggið sem þú hefur spilað?

Það var þegar við bróðir minn vorum bókaðir í fimmtugsafmæli í húsnæði veitingastaðar og gerðum ráð fyrir að giggið sjálft færi fram í veislusal á efri hæð staðarins. Við mættum þangað en þá var bara enginn þar. Við vorum steinhissa en leituðum áfram, enda vissir um að við hefðum verið bókaðir þarna til að spila í 25 mínútur. Svo fórum við á neðri hæðina til að spyrja gæjann í afgreiðslunni en hann kannaðist ekki við neitt fimmtugsafmæli. Þá heyrði ég allt í einu kallað á mig frá veitingastaðnum sjálfum og þá sat þar maður með konunni sinni. Þau voru að borða forrétt saman og hann sagðist sem sagt hafa bókað mig. Ég var svolítið undrandi en spurði hann hvort ég væri kannski kominn of snemma. Þá sagði hann: „Nei nei, það er bara núna. Ætlið þið ekki að byrja?“. Ég spurði hann hvort hann vildi að við spiluðum fyrir alla sem sætu þarna en hann sagði: „Nei, bara fyrir okkur tvö.“ Þá áttum við sem sagt að spila bara fyrir hjón sem voru úti að borða í tilefni af fimmtugsafmæli konunnar. Við vissum aldrei hvert við ættum að horfa, hvort við ættum að horfa á þau meðan þau borðuðu eða bara út í sal, en við létum okkur hafa þetta og þetta er mjög eftirminnilegt.

Af hverju Bahamaeyjar?

Þetta var fyrsta lagið sem ég gaf út og ég hef einhvern veginn alltaf haldið að guð hafi horft á hvað ég harkaði mikið frá því að ég var sautján ára, alltaf allsgáður og þvilkít að standa mig, spilaði úti um allar trissur og góður við alla og hann hafi svo bara sent mér þetta þegar ég var 21 árs. Ég man ennþá hvar ég var þegar þessi hugmynd kom, ég var að keyra á hringtorgi við Pylsuvagninn á Selfossi með rúðupurrkurnar á þegar allt í einu fór þessi „Bahama“-melódía að hljóma í hausnum á mér og ég losnaði ekki við hana. Þetta var töfrum líkast og ég fór heim og kláraði lagið, bjó til smá intró og fyndinn texta og svo sagði ég við strákana að við ættum að taka þetta upp. Veðurguðirnir voru eitthvað efins í byrjun, en svo tókum við þetta upp og fórum með þetta niður á FM og svo sat ég fyrir utan höfuðstöðvar þeirra þegar þeir spiluðu lagið svona ellefu sinnum í röð. Þá vissi ég að eitthvað væri að fara að gerast.

Textarnir sem þú hefur samið með Veðurguðunum eru oftast til einfaldir en hafa margir hverjir hitt vel í mark. Upp úr hverju leggur þú helst þegar þú semur popptexta?

Ég er kannski ekki mjög ljóðrænn í sjálfu sér en mér finnst skemmtilegast að segja eitthvað umbúðalaust.

ÞETTA EÐA HITT

Upptroðsla sem trúbador eða með bandi á sveitaballi? Trúbador fyrir yngri áheyrendur en ballið fyrir eldri.



Pylsuvagninn á Selfossi eða Bæjarins beztu? Pylsuvagninn á Selfossi, þeir sem hafa prófað hann vita af hverju.



Boltinn eða poppið? Poppið í dag og boltinn í sumar.

Af tvennu slæmu, hvort myndir þú frekar vilja verða gjörsamlega laglaus eða verða útlægur frá Íslandi til æviloka? Laglaus. Þá myndi ég spila bara á gítar og láta bróður minn syngja.

Svo sat ég fyrir utan höfuðstöðvar þeirra þegar þeir spiluðu lagið svona ellefu sinnum í röð. Þá vissi ég að eitthvað væri að fara að gerast.



Þetta er dálítið eins og málverk, ég mála mann, hús og bíl á meðan aðrir mála kannski einhverja reiti og eitthvað dót og fólk á að leggja skilning í það og túlka eftir eigin höfði. Mitt dót er bara aðgengilegt en ég reyni kannski að segja einhverjar sögur, þá er svo auðvelt að flytja lögin. Svo er þetta ósköp einfalt, ef þetta er eitthvað sem kemur frá þér sjálfum og þú ert ekki að reyna að herma eftir einhverjum þá virkar þetta yfirleitt alltaf. Það er sama hvort það sé Steindi eða Björk, ef þetta kemur frá hjartarótum, þá virkar það. Ég er bara svona einfaldur gæi, sem lifir einföldu lífi og syngur um einfalda hluti og þá skilur fólk það og tengir við.

Hvað er það besta við líf tónlistarmanns á Íslandi og hvað er það sísta?

Þetta er stundum of mikið frelsi og það er spurning hvornig það fer með þig, það er hellingur af tækifærum og freistingum sem er kannski það versta fyrir mann sem er eirðarlaus að eðlisfari. Það fylgir þessu lífi lítil reglufesta en það getur líka verið það besta, það er rosalega gaman að vakna einn daginn á Seyðisfirði og svo næsta daginn á Bolungarvík, geta sofið út þegar þig langar. Þú ert með miklar tekjur en stuttan vinnutíma og hvort er það kostur eða galli? Það getur verið beggja blands því það kemur fyrir að manni leiðist og þá er stutt í að maður fari að spila póker eða að maður venji sig á eitthvað sem getur þess vegna verið hættulegt. Það má segja að kostirnir og gallarnir geti verið þeir sömu.

Hefur þú brennt þig á einhverjum af þessum freistingum?

Já já, það má alveg segja það. Ég hef gert mína skandala hér og þar en á kannski engar sögur til að segja. Svo er auðvitað hellingur af kjaftasögum sem magnast upp þegar maður gefur færi á sér. Ef maður gerir ein mistök, þá er miklu auðveldara fyrir fólk að trúa öðrum sögum um mann líka.

Finnur þú mikið fyrir kjaftasögnum?

Já, ég finn nú frekar mikið fyrir því en læt þær hafa lítil áhrif á mig. Í lok dags þá veit ég sjálfur hvað ég hef gert og hvað ég hef ekki gert. Af þessum kjaftasögnum sem maður hefur heyrt þá tekur maður nú lygarnar ekki inn á sig en manni finnst kannski leiðinlegt að fólk hafi frétt af einhverju þegar maður var að gera eitthvað sem maður hefði betur sleppt en það fylgir þessu. Með tímanum hef ég lært að loka á alla þessa hluti og halda áfram að gera mína hluti og reyna að standa mig í því án þess að vera í einhverju rugli. Helsta kúnstin er að forðast allar freistingar.

Hvers vegna ákvaðst þú að gefa út sólóplötu í stað annarrar plötu með Veðurguðunum?

Það er kannski aðallega vegna þess að þegar það eru fimm, sex manns að vinna saman að svona plötu þá vilja allir hafa eitthvað um málið að segja. Allir vilja skipta sér af því hvornig trommurnar eru, hvornig bassinn er og svo framvegis. Ég er frekar meðvirkur að eðlisfari þannig að ég hef oft farið einhverjar leiðir sem ég hef kannski ekki verið sáttur við eftir í að hyggja, sem er dálítið vitlaust. Stundum hefur maður kannski ekki verið nógu harður á sinni skoðun þannig að það er aðallega sú ástæða, að prófa að ráða öllu á einni plötu og sjá hvornig það kemur út.

Þú fórst í stjórnmálafræði í háskóla og hættir. Er planið að klára stjórnmálafræðina seinna?

Ég hugsa að ég færi í eitthvað annað ef ég færi aftur í háskólann þótt þetta hafi verið allt í lagi. Ég hef mikinn áhuga á stjórnmálum. Það er kannski af því að ég hef mikinn frítíma en ég stend mig oft að því klukkan þrjú um nótt að vera á netinu og vera búinn að lesa allar fréttir á Eyjuni, DV og öll kommentin, horfa á Silfur Egils þrisvar og Kastljósið tvisvar, þannig að maður er þökkalega vel inni í þjóðfélagsmálum. Þess vegna fannst mér heillandi að fara í stjórnmálafræði upp á að fá ákveðinn grunn ef maður færi til dæmis seinna út í stjórnmál.

Er stefnan sett á að komast á þing?

Ég gæti alveg hugsað mér að fara í stjórnmál seinna meir. Ég gæti kallað mig Þingó eða Alþingó, það hljómar dálítið eins og eitthvað spænskt. Ég hef mínar skoðanir og hugsjónir í hinu og þessu og þá held ég að það sé alveg eins grundvöllur fyrir mann í stjórnmálum.

Heimildir Monitor herma að þú sért að sækja fótboltaþjálfaranámskeið. Ert þú að róa á önnur atvinnumið en popparbransann?

Já, ég held að ég hefði mjög gaman af því að þjálfra. Ég er að taka fyrstu stigin sem gefa réttindi til að þjálfra yngri flokka en ég hefði áhuga á að þjálfra bara meistaraflokkslið. Ég gæti hugsað mér að gera það fljótlega, ég gæti tekið við einhverju liði og verið spilandi þjálfari með einhvern góðan aðstoðarþjálfara með mér. Það er kannski eins með þetta og með leiklistina að ég hef ákveðna oftrú á sjálfum mér, mig langar mjög mikið að prófa að þjálfra fótboltalið. Af því að hafa verið með svona marga þjálfara í gegnum tíðina hefur maður lært ýmislegt í sambandi við hvornig á að þjálfra lið og hvornig á ekki að gera það. Ég er tuttugu og fimm ára í dag og ég segi það í fullri alvöru að ef mér yrði boðið að vera meistaraflokksþjálfari hjá einhverju liði þá væri ég ekkert smeykur við það.

Sérð þú fram á að vera að stússast í poppbransanum fram á elliárin?

Ég sé fyrir mér að ég verði sextugur í golfferð á einhverri framandi eyju og þá verði ég kannski búinn að gefa út tólf plötur. Er síðan ekki klassískt að taka Ingó og Gospelkórinn einn daginn og Ingó og Sinfó eftir það? Maður er alltaf að semja eitthvað, ég byrjaði á því löngu áður en ég byrjaði í hljómveit. Þá var maður byrjaður að semja lag um gangavörðinn í skólanum en þörfin fyrir að skapa fylgir manni alltaf.

Flóridana VIRKNI

MEIRI ANDOXUN

Flóridana VIRKNI er bragðgóður safi fullur af andoxunar-efnum (Hver flaska inniheldur 231 mg af polyfenólum). Þau virka best sé þeirra neytt í sínu náttúrulega formi. Safinn inniheldur mikið af heilnæmum berjum, s.s. bláber, kínversk yum-ber og aronia-ber auk fjólublárrar gulrótar.

Flóridana VIRKNI er framleiddur úr þykkni og inniheldur aldrei viðbættan sykur, litar- eða rotvarnarefni. Einungis sykur frá náttúrunnar hendi.

Helltu þér út í daginn og haltu þér við efnið á heilbrigðan hátt með Flóridana VIRKNI.

Flóridana VIRKNI – safar sem virka.

Enginn
viðbættur
sykur





TÓNLIST, EYKIMYNDIR, SJÓVAÐAR, LEIKHÖL, LITTA, DRÖTTIR, MATUR OG ALLT ANNARS

HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Ágústa Eva Erlendsdóttir
Á forsíðu: 21. október 2010
Fyrirsögn viðtals: Dæmisaga úr samfélagi þar sem þriggja ára stelpur eru í g-streng

Ég var að enda við að frumsýna myndina okkar Borgríki sem ég er svo ótrúlega stolt af. Myndin hefur gengið alveg afskaplega vel, fólk talar vel um hana og flykkist í bíó til að sjá. Svo er planið að endurskjóta Borgríki eða City State í Bandaríkjunum þar sem handritið verður staðfært og síðan leikstýrt af James Mangold, en hann leikstýrði meðal annars Walk the line. Borgríki á ég annars mikið að þakka því í gegnum vinnuna við þessa mynd eignaðist ég fjölskylduna mína. Ég kynntist Jóni Viðari, kærastanum mínum og saman höfum við eignast strák sem er núna rúmlega þriggja mánaða. Næst á dagská er svo að læra smá brasilískt Jiu-Jitsu hjá Mjölni, gefa stráknum okkar nafn og halda honum heljarinnar „Velkominn í heiminn“-partí.



LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson
 til Sverrir Þór Sverrisson
 dagsetning 21. október 2011 17:44
 titill LOL-mail Monitor

Heilir og sælir
 Takk fyrir síðast. Ég elska 11 ára afmæli.

Pétur Jóhann skoraði á þig í LOL-mailinu svo það er eins gott að þú segir eitthvað fyndið. Svo máttu að sjálfsgöðu skora á einhvern hressan.

Hafðu það gott um helgina.
 Bestu kveðjur, Jón Ragnar

heyrru Nonni minn, haltu þér fast!! hér kemur djókur daxins

Það var einu sinni kall sem labbaði inni veiðibúð
 Kall: Eigiði veiðijakka í felulitum?
 Afgreiðslumaður: já, við eigum nokkra þannig, en við vitum bara ekkert hvar þeir eru!

LOLLOLOL!):)
 Ég skora svo á Próst Leó, leikara.

kv, Krull



Stútfullur pakki

„Það er fimmtán ára afmæli hljómsveitarinnar árið 2011 og þetta er svolítið hluti af því að gera upp sögu Quarashi. Endurkoman í sumar spilar þar líka inn í. Síðan langaði okkur líka bara að búa til kúl og stútfullan pakka af Quarashi-efninu þannig að þetta sé allt á einum stað fyrir aðdáendurna,“ segir Sölvi Blöndal, trommari og forspraki hljómsveitarinnar Quarashi. Sveitin sendi á dögunum frá sér risasafnplötu sem ber nafnið Anthology og hlammaði hún sér í 5. sæti Tónlistans þessa vikuna. „Þarna eru bæði fullt af lögum sem voru á plötum sem eru ófánlegar í dag og náttúrulega óendanlega mikið af myndefni. Myndefnið er meðal annars frá Bestu útihátíðinni og svo eru þetta öll tónlistarmyndböndin okkar. Við vorum svo mikið vídjóband að það er næstum því eins og ég hafi unnið sem kvikmyndagerðarmaður í átta eða níu ár,“ bætir hann við í léttum tón. „Það var allavega úr ógeðslega miklu efni að velja, þetta var alveg svolítið mál en við vonum að þetta hafi verið vel gert.“ Platan hafði aðeins verið til sölu í þrjú daga þegar listinn var tekinn saman svo það verður að teljast ansi gott að hún hafi teygst sig alla leið í 5. sæti listans. Það verður spennandi að sjá hvort uppgangur plötunnar haldi áfram í næstu viku.

FERSKIR INN



TÓNLISTINN

Vikan 20. - 27. október 2011

- 1 Mugison**
Haglél
- 2 Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
- 3 Björk**
Biophilia
- 4 Lay Low**
Brostinn strengur
- 5 Quarashi**
Anthology
- 6 HAM**
Svík, harmur og dauði
- 7 Jón Jónsson**
Wait For Fate
- 8 Helgi Björns & Reiðmenn vindanna**
Ég vil fara uppi sveit
- 9 Gus Gus**
Arabian Horse
- 10 Sóley**
We Sink

11 Adele 21 12 Sólstafr Svartir sandar 13 Valdimar Undraland 14 Úr söngleik Borgarleikhússins Galdrakarlinn í Oz 15 Helgi Jónsson Big Spring 16 Greifarnir Fyrstu 25 árin 17 Helgi Björns & Reiðmenn vindanna Þú komst í hlaðið 18 Helgi Björns & Reiðmenn vindanna Riðum sem fjandinn 19 Ýmsir Backyard 20 Sveinn Dúa & Hjörtur Ingvi Værð 21 Rökkurró í annan heim 22 Úr leikriti Dýrin í Hálsaskógi 23 Björk Gling gló 24 Sin Fang Summer Echoes 25 Árstíðir Svefnis og vöku skil 26 Hamlette HOK Vikartindur 27 Mammút Karkari 28 FM Belfast Don't Want To Sleep 29 Einar Scheving Land míns föður 30 Steindinn okkar An djós ... samt djókur

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur söluhlöndur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 20. - 27. október 2011

- 1 Of Monsters And Men**
King and Lionheart
- 2 Adam Levine / Christina Aguilera**
Moves Like Jagger
- 3 Hjalmar**
Ég teikna stjörnu
- 4 Of Monsters And Men**
Little Talks
- 5 Elin Ey / Pétur Ben**
Þjóðvegurinn
- 6 Coldplay**
Paradise
- 7 Mugison**
Stingum af
- 8 Jón Jónsson**
Wanna Get In
- 9 Lady Gaga**
You And I
- 10 Mugison**
Kletturinn

11 Lay Low Brostinn strengur 12 Rihanna Cheers (Drink To That) 13 Foster The People Pumped Up Kicks 14 Bubbi Morthens Slappaðu af 15 Valdimar Brotlentur 16 LMFAO Sexy And You Know It 17 JLS / Dev She Makes Me Wanna 18 Snow Patrol Called Out In The Dark 19 Ourlives Blissful Ignorance 20 Pitbull / Marc Anthony Rain Over Me 21 Jón Jónsson Always Gonna Be There 22 Goyte / Kimbra Somebody I Used To Know 23 1860 Orðsending að austan 24 Bruno Mars Marry You 25 David Guetta feat Taio Cruz Little Bad Girls 26 Lana Del Ray Video Games 27 Kelly Clarkson Mr. Know It All 28 Emmsjé Gauti / Friðrik Dór Okkar leið 29 Gym Class Heroes / Adam Levine Stereo Hearts 30 Quarashi Beat'em

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



ELTI HRELL IRINN



SteindijR Steindi JR
 Pabba mínum finnst Karl Bernsden vera flottur en Ísak vera algjört Bitch! #hatersgonnahate
 25. október kl. 17:54

SteindijR Steindi JR
 Ef ég lendi í slag þá er ég með 289 followers sem bakka mig upp #KO
 21. október kl. 17:23

mknowem M. Leibbs
 retweet by SteindijR
 "minnsti maður í heimi er eins og iPad" - Gústi Aska
 21. október kl. 16:57



SteindijR Steindi JR
 Alltaf þegar ég ætla að fá mér Terminator 2 frasa flúraðan á handlegginn er lokað.
 #shesnotmyothertodd twitpic.com/73cjwb 21. október kl. 02:11

SteindijR Steindi JR
 Ég og Bent keppum í sp.þættinum Ha? annað kvöld kl.21:15 #ha? twitpic.com/737yru 20. október kl. 19:47

SteindijR Steindi JR
 Sá Ragnar Reykás sofa hjá vændiskonu í gær #borgríki
 20. október kl. 14:02

SteindijR Steindi JR
 líf mitt væri mun auðveldara ef ég myndi nota skeljarnar úr Demolition Man #aðeinsguðgetur-dæmtmig twitpic.com/72sf5o
 19. október kl. 20:59



SteindijR Steindi JR
 Er með andlitsmynd af Gunna Helga sem desktop picture í tölvunni minni #mancrush
 19. október kl. 17:53

SteindijR Steindi JR
 Fekkt blöðugan 2000 kall til baka á Olís #blöðpeningar #whentrain-snigguzgetwet
 18. október kl. 20:57



Ljósmyndun 21. aldarinnar

Í síðustu viku kom á markaðinn ný kynslóð myndavéla sem nefnist Lytro. Lytro hefur eiginleika sem eru áður óþekktir því fókusdýpt myndanna sem teknar eru á Lytro má stilla eftir á. Þannig verður myndin gagnvirk og hægt er að leika sér með myndina eftir á og velja þá punkta sem fókusinn á að vera á. Þessi eiginleiki hefur líka þann kost í för með sér að myndavélin inniheldur engan sjálfvirkan fókusstilli og því tekur það skemmri tíma að smella af. Myndavélin, sem er 4x4 sentimetrar á breidd og 11 sentimetrar á lengd,

getur fangað öll ljóssviðin með einum smelli en ekki bara eitt ljóssvið eins og áður tíðkaðist. Míkrólinsum er komið fyrir á skynjarann í vélinni og taka þessar linsur margar myndir frá mörgum sjónarhornum. Þessum myndum er svo í raun raðað saman í eina og þá er hægt að ákveða hvar fókussviðið liggur eftir á. Myndavélin er einungis fánleg erlendis eins og er og fæst fyrir 400-500 dollara á Lytro.com. Á þeirri síðu er einnig hægt að kynna sér tæknina betur og leika sér með myndir sem teknar hafa verið á þessa nýstárlegu vél.


SAMSUNG



Snertu framtíðina!

Samsung Galaxy TAB er kominn í sölu og býður upp á ótakmarkaða möguleika!

Þú getur lesið Morgunblaðið, spilað tölvuleiki, svarað tölvupósti, stjórnað sjónvarpinu, horft á fréttir, skoðað YouTube, spjallað á Skype, uppfært Facebook, tekið myndir, skoðað myndir, lesið bók, fundið uppskriftir, fylgst með sjónvarpsþáttum, hlustað á tónlists, pantað miða í Hörpu, skoðað kortið, athugað veðrið, planlagt fríið, notað sem leiðsögukerfi og margt, margt fleira!



Loksins er kominn spjaldtölva sem opnar fyrir þér heiminn!



Nýir tímar með Samsung Galaxy Tab

Endursöluaðilar um allt land

Samsung GALAXY Tab





Kris Humphries  **Kim Kardashian**


 Glamúrdrottningin Kim Kardashian festi ráð sitt við körfuboltamanninn Kris Humphries í ágúst síðastliðnum. Trúlofunarhringur parsins er sagður hafa kostað tvær milljónir dollara, þótt hvorugt þeirra hafi þurft að borga hann. Það hefur lengi þótt gott að þekkja rétta fólkið. 

ÞAÐ MUNAR 49 SENTÍMETRUM Á HÆÐ KRIS OG KIM





Lewis Hamilton  **Nicole Scherzinger**

 Ökubórinn Lewis Hamilton og söngdívinn Nicole Scherzinger hættu saman í síðustu viku eftir fjögurra ára samband. Orsök sambands slitanna eru sögð vera hvað þau hafa getað varið litlum tíma hvort með öðru að undanförunu. 



TVÆR ATHAFNIR VAR ÞAÐ EINA SEM NÆGDI



Tom Brady  **Gisele Bündchen**

 Ein skærasta stjarna NFL-deildarinnar í Bandaríkjunum undanfarin ár, Tom Brady, og ofurfyrirsætan Gisele Bündchen giftust við litla kaþólska athöfn í febrúar 2009. Tveimur mánuðum síðar héldu þau aðra og stærri athöfn í Kosta Ríka. Saman eiga hjónin einn son. 



JARIC ER ÓHEPPINN Í SPILUM, HEPPINN Í ÁSTUM

Marko Jaric  **Adriana Lima**

 Þótt Marko Jaric hafi ekki afrekað marga á þeim sex tímabilum sem hann spilaði í NBA þá sér hann eflaust ekki eftir komunni til Bandaríkjanna en þar náldi hann sér í eina flottustu fyrirsætu heims, Adriana Lima. Þarið gifti sig á Valentínusardaginn árið 2009. 



ÍPRÓTTAMENN SKORA

Það er ansi algengt að íþróttamenn og stórstjörnur **Hollywood** pari sig saman þótt ástin sé hverful á þeim bæjum eins og annars staðar. **Monitor** tók út helstu íþróttamanna- og stjörnupörin.





LANCE, LANCE, LANCE OG CROW

Lance Armstrong  **Sheryl Crow**


 Hljólréiðameistarinn Lance Armstrong skildi við móður fyrstu þriggja barna sinna árið 2003 og hóf upp frá því að vera með söngkonunni Sheryl Crow. Í september 2005 tilkynntu þau um trúlofun sína en í febrúar á næsta ári höfðu leiðir þeirra skilið. Lífið tekur óvæntar beygjur hjá hjólréiðaköppum. 



Wladimir Klitschko  **Hayden Panettiere**

 Boxarinn Wladimir Klistchko og Hayden Panettiere úr þáttunum Heroes slitu tveggja ára sambandi sínu í maí síðastliðnum. Panettiere sást endrum og eins á bardögum boxarans en þess má geta að hæðarmunurinn á turtíldúfunum fyrrverandi er 41 sentímetri. 

HAYDEN ER 11 ÁRUM YNGRI EN WLADIMIR



DAVIÐ OG KRYDDPIÁN

David Beckham  **Victoria Beckham**

Það liggur trúlega enginn vafi á því að frægasta parið í þessum flokki ástarsambanda er Beckham-hjónin. Þau byrjuðu saman árið 1997, á Spice Girls-árum Victoríu, hafa verið gift frá 1999 og eiga saman þrjá drengi og eina stelpu en Elton John er guðfaðir eldri sonanna, Brooklyn og Romeo.



PIQUE VEIT VEL AÐ ÞESSAR MJADMIR LJÚGA EKKI

Gerard Pique  **Shakira**

Knattspyrnumaður- inn Gerard Pique og söngkonan Shakira kynntust í kringum vinnu við HM í knattspyrnu sumarið 2010. Þau opinberuðu samband sitt í ársbyrjun 2011 og eru enn sögð saman þrátt fyrir orðröma um framhjáld Pique.



ANNA SPILAR TENNIS, ENRIQUE SYNGUR UM BORDTENNIS

Anna Kournikova  **Enrique Iglesias**

Tenniskonan Anna Kournikova og poppstjarnan Enrique Iglesias verða að teljast ansi langlíf í sambandi miðað við dæmigert stjórnupar en þau hafa verið saman síðan árið 2001. Síðan þá hefur slúðurpressan skipst á að segja þau hætt saman eða gift. Þess má geta að hún lék í tónlistarmyndbandi söngvarans við lagið Escape.



HJÓNIN PARKERA VESPUNNI

Tony Parker  **Eva Longoria**

Körfubolta-urinn Tony Parker og leikkonan Eva Longoria kynntust í árslok 2004 og byrjuðu saman skömmu seinna. Þau giftu sig sumarið 2007 en þremur árum seinna stóðu þau strax í skilnaðarferli sem var ýmist sagt stafa af framhjáldi Parker með eiginkonu fyrrum samherja síns eða vegna persónulegra ágreininga. Skilnaður staðfestur í upphafi ársins 2011.



Serena Williams  **Common**

Tennisdrottningin Serena Williams og rapparinn Common sáuust fyrst saman opinberlega haustið 2007. Upp frá því sást Common af og til á leikjum Williams auk þess sem hún lék í tónlistarmyndbandi hans við lagið I Want You. Parið hætti saman vorið 2010.

Dennis Rodman  **Carmen Electra**

Körfuboltakappinn litríki Dennis Rodman og fyrirsætan og leikkonan Carmen Electra giftust árið 1998 í The Little Chapel of Flowers í Las Vegas en skildu ári síðar.

Ashley Cole  **Cheryl Cole**

Knattspyrnu- maðurinn Ashley Cole og söngkonan Cheryl Tweedy, eins og hún hét þá, byrjuðu saman í september 2004 og giftust tveimur árum seinna. Í janúar 2008 stigu fram tvær konur í slúðurpressuna og sögðust hafa átt nán kynni við Ashley eftir að hann giftist. Hjónin stóðu sögusagnirnar af sér en tveimur árum seinna stigu fimm konur í viðbót fram í sviðsljósið með sambærilegar sögur og upp frá því fór allt í bál og brand. Hjónin skildu í maí 2010.

ANNAD ÞEIRRA BARÐIST FYRIR ÁSTINNI, HITT GERÐI ÞAÐ EKKI



DENNIS OG SPÚSA VORU EKKI GIFT ÝKJA LENGI

FERILLINN



Andy Serkis

Hæð: 173 sentimetrar.
Besta hlutverk: Gollrís í Hringadróttinssögu.
Staðreynd: Serkis heldur með enska knattspyrnuliðinu Arsenal.
Eitruð tilvitnun: Mér finnst ég í rauninni ótrúlega frjálí í annars manns skinni.

1964 Fæðist þann 20. apríl í Ruislip Manor í Vestur-London.

1983 Eftir að hafa hannað sviðsmyndir fyrir skólaleikritin í Lancaster-háskóla hlýtur hann aðalhlutverkið í Gotcha. Sú reynsla verður til þess að hann breytir aðalfaginu sínu í leiklist.

1990 Eftir að hafa ferðast mikið sem leikari sest Serkis að í London þar sem hann ver næsta áratug og tekur þátt í fjölda uppfærslna.

1999 Leikur Albert Einstein í sjónvarpsþáttaröð á BBC sem ber heitið Einstein and Eddington.

2001 Hringadróttins-saga er frumsýnd og Serkis fer með hlutverk Gollrís undir leikstjórn Peter Jackson. Þó að sögupersónan sé tölvuteiknuð þá á Serkis röddina, hreyfingarnar og svipbrigðin.

2002 Gengur í það heilaga með ensku leikkonunni Lorraine Ashbourne. Sama ár er önnur mynd Hringadróttinsþrileiksins frumsýnd.

2005 Aftur styðst Peter Jackson við krafta Serkis. Í þetta sinn glæðir Serkis King Kong lífi með rödd sinni, hreyfingum og svipbrigðum.

2006 Leikur Mr. Alley í kvikmyndinni The Prestige þar sem Hugh Jackman, Christian Bale, Scarlett Johansson og Michael Caine leika aðalhlutverkin.

2010 Leikur gáfaða simpansann Ceasar í Rise of the Planet of the Apes.

2011 Í janúar er það staðfest að Serkis muni aftur bregða sér í hlutverk Gollrís í The Hobbit sem verður sýnd í tveimur hlutum árið 2012 og 2013. Fer með hlutverk Kolbeins kaþeins í mynd Steven Spielberg um Tinna.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Ævintýri Tinna

Myndin fjallar um hinn unga og ákafa blaðamann Tinna sem gerir nánast hvað sem er fyrir góða frétt. Ákefð Tinna kemur honum oftar en ekki í ýmis vandræði og það stefnir svo sannarlega í slíkt þegar hann fer að grennslast fyrir um skipið goðsagnakennda, Einhyrninginn. Tinni uppgötvar vísbendingar eins og honum einum er lagið og í framhaldinu kynnist hann hinum skrautlega og skapstóra Kolbeini kaptein. Í ljós kemur að forfaðir Kolbeins, Rögnvaldur

rauði, var skipstjóri Einhyrningsins þar til skipinu var sökkt á mjög dularfullan máta. Ákveða þeir félagar að komast til botns í málinu, enda hermir sagan að fjársjóður einn mikill hafi fylgt Einhyrningnum niður á hafsbötn. Með í för slást tvíburarnir og leynilöggumarnir léttgeggjuðu Skapti og Skafti, sem gera að sjálfsgöðu hvert axarskaftið á fætur öðru. Vandamálið er að okkar menn eru ekki þeir einu sem leita fjársjóðsins.

Leikstjórn: Steven Spielberg.
Aðalhlutverk: Cary Elwes, Daniel Craig, Tony Curran, Jamie Bell, Andy Serkis, Daniel Mays, Simon Pegg og Nick Frost.
Langd: 107 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 7 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólalábi, Laugarásbíó, Borgarbíó og Sambíóin Egilshöll.

Aðrar frumsýningar: Human Centipede 2 – The Help

FRUMSÝND FÖSTUDAGINN 28. OKTÓBER

f VILTU MIÐA? Monitor ætlar að gefa miða á Ævintýri Tinna, fylgstu með... facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR

Rage
MMMMM
Tegund: Skotleikur
PEGI merking: 18+
Útgefandi: Bethesda
Dómar: Gamespot 8 af 10 / IGN 8,5 af 10 / Eurogamer 8 af 10

Reiður, reiðari, reiðastur

Það er alltaf viðburður þegar idSoft gefur út tölvuleiki, en þeir hafa staðið að baki tímamótaleikjum á borð við Doom, Quake, Wolfenstein og fleirum. Síðustu sex árin hefur fyrirtækið verið að vinna að leiknum Rage sem kom út fyrir stuttu síðan.

John Carmack, einn aðalmaðurinn hjá idSoft lét hafa eftir sér að söguþráður í tölvuleikjum væri eins og söguþráður í klámmynd. Það búast allir við að hann sé til staðar, en hann skiptir engu máli. Þessi orð bergmála í höfði manns þegar maður spilar Rage, en leikurinn einkennist af mjög rýrum söguþræði. Jörðin var nálægt gjöreyðingu eftir árekstur við loftstein og flúði mannkynið neðanjarðar í litlum hylkjum sem kölluð eru arkir. Í upphafi leiksins ranka leikmenn við sér í einni slíkri örk og við þeim blasir nýr og breyttur heimur.

Rage er fyrst og fremst fyrstu persónu skotleikur, en inn í það blandast bílaatriði, mini-leikir, opinn heimur og kerfi þar sem leikmenn geta djúsað persónu sína upp. Leikmenn vaða á milli bæja á hinum ýmsu farartækjum, en í hverjum bæ er haugur af undarlegum persónum sem freista leikmanna með allskyns verkefnum, einnig eru í bæjunum búðir sem kaupa drasl og selja vopn og aukahluti. Spilunin gengur út á að leysa verkefni, bæta við vopnin og lifa af í von um betri tíma. Spilunin er tiltölulega opin og geta leikmenn ráðið hvernig þeir tækla leik-

inn, en spilunin minnir oft á leiki á borð við Fallout 3 og Borderlands. Þegar „söguþræðinum“ sleppir geta leikmenn dundað sér í netspilun sem einblínir nær eingöngu á bílaatriði. Verkefni eru af ýmsum toga, en öll krefjast þau að láta vopnin tala eða að keyra um og talandi um vopn, þá eru í leiknum ansi mörg skemmtileg og eftirminnileg vopn á borð við haglabyssur (ala idSoft), sniper-rifill og svo hringlaga kastvopn sem getur fjarlægð útlími óvinanna á tiltölulega einfaldan máta. Einnig eru í leiknum vopn sem geta yfirtekið huga óvinanna með skemmtilegum afleiðingum.

Grafikín í Rage er mjög flott og hafa idSoft-menn náð að skapa heillandi framtíðarheim með öflugum persónum og óvinum sem hafa töluvert til brunns að bera þegar kemur að gervigreind. Talsetning og tónlist er með ágætum, ekkert stórkostlegt, en mjög vel viðunandi.

Það er klárt að idSoft er ekki runnin reiðin þegar kemur að gerð tölvuleikja og mæli ég glaður með þessum stórgóða leik sem tekur nokkra tugi klukkutíma af lífi manns.

Ólafur Þór Jóelsson



KVIKMYND



Hreistraðir hrúðurkarlar

Allir þekja sögunar um blaðamanninn Tinna og hans félagar. Sögurnar eru fyrir löngu orðnar klassískar og var það ekki spurning um hvort heldur hvenær Hollywood myndi notfæra sér þær. Það voru síðan engar smá sleggjur sem tóku þetta verkefni að sér, Steven Spielberg og Peter Jackson. Þarna mætast tveir turnar í kvikmynda-gerð og úr verður ótrúlega vel gerð kvikmynd sem stendur undir öllum væntingum. Ég var virkilega ánægður með að þeir standa vörð um sögurnar og eru ekkert að breyta því sem Hergé gerði svo meistaralega á sínum tíma. Andrúmsloft bókanna kemst mjög vel á hvíta tjaldíð og ég er ekki frá því að Hergé sjálfur hefði verið nokkuð sáttur með þetta allt saman. Sagan er unnin upp úr þremur bókum og tekst það einstaklega vel. Atburðarásin er hröð og heldur finum dampi. Húmorinn er einnig aldrei langt undan og þá sérstaklega aulahúmorinn sem er svo áberandi í bókunum.

Óskarinn ekki langt undan

Ég á varla til lýsingarorð yfir það hvað þessi mynd er flott. Hún hlýtur að setja ný viðmið í allri tæknivinnslu. Nákvæmmin er mögnuð og voru ótrúlegustu smáatriði útpæld. Eltingarleikirnir eru hreinlega fáránlegir og þurfti ég oft að minna mig á það að ég var að horfa á tölvuteiknaða kvikmynd. Kvikmyndatakan er einnig mjög vel gerð og fær Spielberg mikið hrós fyrir góða leikstjórn. Þeir Nick Frost og Simon Pegg fóru á kostum sem hinir skemmtilegu Skapti og Skafti. Þeir áttu að fá meiri tíma fyrir framan kameruna ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Aðrar raddir eru einnig góðar og segja má að allt val í raddsetningunni sé fullkomið. Niðurstaðan er því meistaralega vel gerð mynd sem á fullt erindi í bestu myndir ársins.

Tómas Leifsson



ÆVINTÝRI TINNA



Ég drap vini mína oft

Mér hefur alltaf þótt gaman að rifja upp gamla tíma en þeir sem mig þekkja vita að ég er mikill fortíðarþrúseggur. Í þeim efnum finnst mér hvað skemmtilegast að rifja upp æskuminningar. Þegar ég var lítill ætlaði ég lengst af að verða atvinnumaður í knattspyrnu og jafnvel leikari í hjáverkum. Í því samhengi var ég heltekinn af fótbolta og lék mér þar af leiðandi mikið með bolta. Ég lék mér þó ekki einungis með bolta því þess á milli lék ég mér sýknt og heilagt með leikfangakarla, leikfangavopn og í tölvuleikjum.

Fyrir skemmstu varð mér hugsað út í þessa leiki sem maður lék sér í. Við kölluðum það að leika okkur með vopnin „byssó“, eins og algengast er. Þá áttum við vinirnir hinar ýmislegu skammybyssur og riffila, jafnvel sérstakar James Bond-byssur, ásamt fornaldarlegri vopnum eins og víkingasverðum og öxum. Leikurinn með hasardúkkurnar var kallaður „kölló“. Þar stillti maður gjarnan upp Spiderman gegn einhverju hrottalegu illmenni eða tefldi fram strumpi á móti Batman og lét þá berjast fram í rauðan dauðann. Í tölvuleikjadeildinni byrjaði maður í Super Mario þegar maður var ennþá undir einum metra á hæð en seinna urðu leikirnir flóknari. Þá voru spilaðir íþróttatölvuleikir og jafnvel byssuleikir, þegar stóri bróðir leyfði manni að prófa. Í öllum þessum leikjum gat maður skemmt sér tímunum saman, jafnt með vini sínum eða bara einn með sjálfum sér.

Síðast þegar ég heimsótti þessar minningar var það reyndar á merkilega dramatískum forsendum. Það voru sorglegu fréttirnar sem manni eru færðar í sjónvarpsfréttum sem fengu mig til að þæla í þessum leikjum.

ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson
einar@monitor.is

Það voru fréttir frá stríðshrjádum löndum, þar sem fólk er skotið í sundur og sprengt í tætlur. Fólk er oftast nær blásaklaust en býr einfaldlega við þær ómurlegu aðstæður að vera fætt inn í þennan heim á stríðshrjádum slóðum.

Íljósi þessa getur maður ekki annað en velt fyrir sér hvort það sé ekki hálfþenglað að litlir strákar uppi á hinu friðsæla Íslandi leiki sér að því að ímynda sér að þeir séu í stríði. Bakgarður besta vinar míns varð ófáum sinnum blóðugur vígvöllur, ég skemmti mér konunglega við það að tæta vini mína í sundur með hriðskotabyssu. Ég lék mér að því að drepa. Kölló-leikurinn var líka oft og tíðum ansi ofbeldisfullur þar sem Spiderman sleit jafnvel handleggina af Batman, beitti aðferðum sem hörðustu stríðsglæpamenn létu sér ekki detta í hug. Er ekki eitthvað klikkað við það?

Ég er ekki að mælast til þess að hætt verði að selja dótabyssur og Batman-karla úti í leikfangabúðum eða að sett verði á laggirnar herferð til að börn leiki sér einungis með bangsa og límimidabækur. Ég veit líka að þetta er engin nýlunda, pabbi minn lék sér í kábojaleikjum og afi minn hefur eflaust stundum þótt vera breskur dáti í seinni heimsstyrjöldinni. Ég er einfaldlega að varpa ljósi á hvað þetta er klikkuð tilhugsun.

Þegar öllu er á botninn hvolft þakkar maður bara fyrir að koma frá landi sem þekkir hvorki sverð né blóð. Á sama tíma vonar maður bara að þótt krakkar iðki svona leiki læri þeir síðar og seinna meira að vera þakklátir fyrir friðinn og geri ekki lítið úr alvarleika hörmulegra hluta eins og styrjalda. Ég hef reyndar engar áhyggjur, enda er að minnsta kosti enginn þessara vina minna né ég orðinn hryðjuverkamaður eða ófriðarsinni. Allavega ekki ennþá.



STEVE-O

THE ENTIRELY TOO MUCH INFORMATION TOUR

HÁSKÓLABÍÓ 9. NÓVEMBER

KL 21:00

Geggjaði Jackassgrínistinn Steve O mun heimsækja okkur Íslendinga í nóvember og vera með alveg brjálað uppistand í Háskólabíói.

The Entirely Too Much Information Tour er að mestu leyti uppistand, þar sem Steve O fer á kostum með sprengihlægilegar sögur sínar.

Þeir sem þekkja Steve O vita að það er ekki langt í Jackassprellið og mun hann skella sér í einhver frábær áhættuatriði á sýningunni.

Steve O hefur ferðast um öll Bandaríkin, Evrópu og eins Ástralíu með sýninguna The Entirely Too Much Information Tour og hefur hún alls staðar slegið í gegn enda frábær skemmtun hér að ferð.

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í BRIM, LAUGAVEGI OG BRIM KRINGLUNNI

PALLOWEEN
laugardagur 29. okt.
Nasa kl. 23:59



Spila þar til mér er hent út

Ég er ekkert smá spennur fyrir Halloween-ballinu þetta árið. Stemningin fyrir Halloween hefur aukist mikið en segja má að hún hafi kikkað inn á Íslandi fyrir svona þremur árum síðan. Undanfarnir 10 ár hefur maður heyrt af einhverjum partíum í heimahúsum en nú er þetta orðið að alvöru djamma í bænum. Ég ætla að byrja að spila um leið og húsið opnar og ég held áfram þar til mér verður hent út,“ segir Páll Óskar sem er með doktorsgráðu í því að halda uppí stuði. „Það er engin krafa að vera frumlegur þó það sé nú oft skemmtilegt og þetta þarf alls ekki að vera dýrt. Það getur verið alveg nóg að kíkja bara inn í fataskáp og finna eitthvað gamalt og flikka upp á það.“ Húsið opnar klukkan 23:59 og er miðaverð á miði.is 2.000 krónur en reiða þarf fram 2.500 krónur sé greitt við inngang.

fílófaxið
fimmtudagur 27 okt föstudagur 28 okt



ÚTGÁFUPARTÍ SYKURS
Faktorý
20:30 Hjómssveitin Sykur gaf nýverið út sína aðra breiðskífu og ber hún nafnið Mesópótamía. Hjómssveitin fagnar útgáfunni með því að hlusta á hana í heild sinni á Faktorý. Platan er fól á staðnum og frítt er inn.



THE VINTAGE CARAVAN
Gaukur á Stöng
21:00 Hjómssveitin The Vintage Caravan spilar rokk í anda Led Zeppelin, Deep Purple, Jimi Hendrix og Black Sabbath og sjá þeir um að trylla lýðinn eftir að hjómssveitin Murrk hefur hitað upp mannskapinn. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

1860
Café Rosenberg
22:00 Undanfarið hafa strákarnir í 1860 haldið sig í hljóðverinu við upptökur á smáskífu fyrir Bandaríkjamarkað en nú ætla þeir að spila lög sín af plötunni, Sagan, ásamt nýrri lögum. 1.000 krónur kostar

laugardagur 29 okt

HALLOWEEN-BALL
Square
21:00 Margir af fremstu plötusnúðum og röppurum landsins snúa bókum saman og blanda saman rímnaflæði og skífuþytingum. Emmsjé Gauti, Blaz Roca, President Bongo, Exos, Bent og fleiri verða á útopnu.

VALDIMAR
Café Rosenberg
22:00 Valdimar Guðmundsson og félagar í hjómssveitinni Valdimar spila sína ljúfu tóna fyrir gesti. Trompet, básúna, gullbarki og almenn gleði.

sunnudagur 30 okt

HUGLEIKUR DAGSSON
Café Rosenberg
21:00 Eins og flestir vita þá getur Hugleikur Dagsson verið skemmtilega glettinn og klickaður. Hann deilir hugsunum sínum og húmor með áhorfendum á Café Rosenberg á sunnudag. Miðaverð er 1.000 krónur.

ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?

monitor@monitor.is

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!

LOKAPRÓFIÐ

| 27. október 2011 |
MONITOR
skólinn

Ég heiti LILJA NÓTT ÞORARINSD. Ef ég væri ekki Lilja Nótt væri ég

Þú veist hver ég er af því að ÞÚ ERT ON IT!!

Af þeim sem standa að sýningunni „Eftir lokin“ held ég mest upp á

a) Svein Ólaf Gunnarsson.
b) Stefán Hall Stefánsson.
c) Brynju Björnsdóttur.
d) Gísla Galdur Þorgeirsson.
e) LEIKHÚSDRAUGJINN / TJARNARBIÓ

Þegar ég lék í Strákunum okkar þá

a) áttaði ég mig á hvað samkynhneigð er falleg.
b) varð ég smá skotin í Birni Hlyni Haraldssyni.
c) hugsaði ég bara: „vá hvað ég er að fara að meika það í kvmyndasæunni á Íslandi.“
d) HE HE HE

Það erfðasta við að leika Snæfríði Íslandssól í

a) óttinn við að bregðast Nóbelskaldinu.
b) hugsunin um að fólk væri búið að ímynda sér hana á allt annan hátt.
c) að gera Benna Erlings til hæfis af því að hann gerir svo miklar kröfur.
d) ekki neitt því þetta var bara bullandi gleði og hamingja allan daginn.
e)

Þegar ég vil slaka á og næra sálina finnst mér best að

a) keyra hringinn í kringum landið.
b) setja aðra hönd á mjóðm og hugsa um bókmenntir.
c) setja djúpnæringu í hárið og góðan maska á andlitið og horfa á Titanic.
d) LIGGJA Í GRASLAUT OG LATA HUGANUM SATT OG ÓSATT REIKA

Ég er hamingjusöm.

Ég ber alltaf brjóstakrem á varirnar á mér.

Það sem færir vita um mig er AD EG ER FREKAR FEIMINN

Það skemmtilega við að vera leikkona

a) er að hneigja sig fyrir framan glaðan áhorfendaskarann.
b) eru plöggviðtölin sem ég fer í.
c) er að fá að vera einhver annar en maður sjálfur.
d) er stemningin baksvið á milli atriða.
e) er að fara í öll frumsýningarpartíin.

Eiginhandararitunin mín líður svona út: Lilja Nót

Ég elska

a) þegar gaurar gefa mér auga.
b) þegar ég er búin að gera mig fina og er að fara út á lífið.
c) að fara á gott kaffihús.
d) að liggja á sólarströnd í framandi landi.

Síðasta sms sem ég fékk var frá KRISTJANI FRANKVINDASTJÓR og í því stóð ALT OFAN TAJIA

Ég elsa JEI

Síðasta sms sem ég fékk var frá KRISTJANI FRANKVINDASTJÓR og í því stóð ALT OFAN TAJIA

Ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa EFTIR LOKIN TJARNARBIÓ SJÁU ÞAÐ!

Síðast en ekki síst

» **Andrea Ida Jóns**, leikari, fílar

Kvikmynd: Þessa dagana er Keeping Mum í DVD-spílaranum. Þetta er svört kómédia frá 2005 með Rowan Atkinson, Maggie Smith og Kristin Scott Thomas í aðalhlutverkum. Sjúklega fyndin. Get horft á hana aftur og aftur.

Þáttur: Ég er að fíla allt vampíru- og varúlfatengt þessa dagana! Alcede og Eric berjast um athygli mína í hverjum þætti af True Blood! Of mikið af karlmennsku fyrir konu til að höndla. Úlala.

Bók: Harry Potter. Ef það eru ekki vampírum eða varúlfar þá eru það galdrar. Svo auðvitað uppháldsþekkt allra landsmanna, Fésbók.

Plata: Mjallhvít. Eina víníplatan sem ég á. Hæ hó, hæ hó. Hlustaði og söng með tímunum saman hjá ömmu og afa þegar ég var yngri.

Vefsíða: www.hugmyndirfyrirheimilid.com Elsa þessa síðu. Eins og nafnið segir þá er hér að finna ógrynni af hugmyndum fyrir heimilið, uppskriftum og fleiru. Allar konur þurfa að kíkja á þessa síðu.

Staður: Hrunamannahreppur í byrjun september er uppháldsstaðurinn minn í heimi. Þá eru réttir í sveitinni minni Hrepphólum. Þeir sem hafa ekki upplifað réttir eru að missa af. Mæli með þessu.



POLAR BEER LÉTTÖL KYNNIR

KVÖLDSTUND
MEÐ

KEVIN
SMITH

"AN EVENING WITH KEVIN SMITH"

11. NÓVEMBER Í ELDBORG



MOGGAKLÚBBSTILBOÐ

Á UPPISTAND MEÐ KEVIN SMITH Í ELDBORGARSAL HÖRPU

Kvöldstund með Kevin Smith! Hinn eldhressi leikstjóri mynda eins og Clerks, Jay and Silent Bob og Zack & Miri Make a Porno mun vera með uppistand og svara spurningum áhorfenda um kvikmyndaiðnaðinn og já, bara allt milli himins og jarðar.

Kevin Smith hefur leikstýrt mönnum á borð við Seth Rogan, Matt Damon, Ben Affleck og Bruce Willis.

Komdu og hlustaðu á bransasögurnar sem enginn annar þorir að segja.

**Moggaklúbbsfélagar
fá 30% afslátt!**

**Uppistandið hefst
kl. 20:00 þann 11. nóv. nk.**

Miðasala í síma 528-5050



**FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [MBL.IS/ASKRIFT](http://mbl.is/askrift)
EÐA Í SÍMA 569 1122**

Allir fastir áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa félagar í Moggaklúbbnum og njóta ýmissa fríðinda og tilboða. Hægt er að fylgjast með hvað er í boði hverju sinni á mbl.is/moggaklubburinn. Hafðu samband í síma 569 1122 hafi Moggaklúbbskortíð ekki borist þér.

MOGGAKLÚBBURINN

– MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR



KORTID GILDIR TIL
31.01.2012

ÓKEI. VIÐ BYRJUÐUM. EN VIÐ SJÁUM EKKI EFTIR NEINU.

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI
SAMKEPPNI



Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru oliufélögum samkeppni.
Við rufum einokun oliurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið
keppinautunum við efnið síðan.

Dælykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

